

# Ábendingar

varðandi þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitastjórnarkosninga árið 2010

Við í stjórn LVS fögnum þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum. Við viljum gera nokkrar athugasemdir varðandi tillöguna og einnig koma því á framfæri að okkur finnst of lítil áhersla lögð á skýran, samræmdan ramma í fósturmálum í tillögunni. Hagsmunasamtök okkar óska eindregið eftir því að koma meira að mótunarvinnu í fósturmálum, þar sem við teljum okkur búa yfir mikilli reynslu og þekkingu sem gæti nýst vel við að þróa og byggja upp öflugt kerfi í fósturmálum. Við vonumst til þess að þeir punktar sem við höfum þegar komið á framfæri við félagsmálaráðuneytið verði teknir til greina. Hér fyrir neðan eru þeir þættir sem við viljum að verði endurskoðaðir í ályktunartillögunni.

1. Á blaðsíðu 5., lið 2., markmið nr. 5. kemur fram að efla og þróa þurfi í samstarfi við BVS samvinnu við Sambandi íslenskra sveitafélaga og sveitafélögin um barnaverndarstarf.  
Þarna viljum við að fastar sé að orði kveðið og að okkar félagasamtök taki þátt í þessari vinnu, með BVS og Félagsmálaráðuneytinu. Við viljum að félagsmálaráðuneytið beiti sér markvisst að því að efla samvinnu við sveitafélögin hvað varðar fósturmál. Fósturforeldrar hafa rekið sig á mikið misræmi í því hvernig staðið er að fósturmálum milli sveitafélaga, einnig höfum horft upp á hvernig öll okkar vinna fer í súginn og mál fósturbarna fara algerlega á upphafsreit þegar þau fara heim eða mál þeirra flytjast yfir í annað sveitafélag. Við viljum sjá miklu meiri samræmingu og mótaður verði ákv. starfsrammi/vinnuferli sem öll sveitafélögin fara eftir í málefnum þessara barna.
2. Á blaðsíðu 10 í lið 3.2.2. um gæðastaðla um vistun barna utan heimilis viljum við eindregið óska eftir því að okkar félagasamtökum verði kynntir þessir staðlar, líkt og starfsmönnum BVS og barnaverndarnefndum.
3. Á blaðsíðu 11. í lið 3.2.3. um eftirlit með vistun barna utan heimilis. Eins og kemur fram í punktunum sem við sendum frá okkur viljum við sjá eftirlit aukið til mikilla muna í fósturmálum, öll vinnubrögð verði samræmdari og markvissari.
4. Á blaðsíðum 15-17 er talað um eflingu þjónustu og verklags BVS. Í lið 10. og einnig á bls. 20 lið 4.2. er komið inn á Foster Pride námskeiðin. Við viljum taka það fram að stjórn LVS beitti sér mikið fyrir að koma þessu námskeiði hingað til lands á sínum tíma og útvegaði styrki í þýðingu þess. Eins og kemur fram í könnun okkar, þá voru einungis um 30 % félagsmanna LVS sem höfðu lokið námskeiðinu. Fram kemur að þau skuli haldin tvisvar á ári, við viljum fara fram á að komið verði til móts við landsbyggðina og annað námskeiðið verði haldið út á landi. Við erum mjög hlynnt því að áfram verði stutt við þessi námskeið og fögnum því að fá framhaldsnámskeið. Við vildum sjá Barnaverndarstofu standa betur við bakið á vist- og fósturforeldrum, ekki síst varðandi námskeiðahald og endurmenntun og að þeir séu í meiri samskiptum við hagsmunasamtök vist- og fósturforeldra hvað varðar fósturmál yfirleitt.
5. Við fögnum fjölþáttameðferðarfóstri (bls.18, liður 4.1.2.) í slíkri fóstrun eru innleidd vinnubrögð sem við viljum sjá í öllum fósturráðstöfunum barna og margir innan okkar samtaka hafa talað fyrir í langan tíma.